

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2017

2018/EES/81/06

frá 17. mars 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1822 frá 13. október 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aklónífen, deltametrín, flúasínám, metómýl, súlkótríón og píódíkarb í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1866 frá 17. október 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 3-deken-2-ón, asíbensólar-S-metýl og hexaklórbensen í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32016 R 1822:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1822 frá 13. október 2016 (Stjútíð. ESB L 281, 18.10.2016, bls. 1),
- **32016 R 1866:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1866 frá 17. október 2016 (Stjútíð. ESB L 286, 21.10.2016, bls. 4).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32016 R 1822:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1822 frá 13. október 2016 (Stjútíð. ESB L 281, 18.10.2016, bls. 1),
- **32016 R 1866:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1866 frá 17. október 2016 (Stjútíð. ESB L 286, 21.10.2016, bls. 4).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 281, 18.10.2016, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 286, 21.10.2016, bls. 4.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2016/1822 og (ESB) 2016/1866, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.